



**Morgunbæinir (morningprayer)
í Reykjahlíðarkirkju
og kvöldbæinir (eveningprayer)
í Skútustaðakirkju
frá 30. júní til 26. júlí 2014.**

Morgunbæinastund verður í Reykjahlíðarkirkju í Mývatnssveit á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum frá 30. júní til 26. júlí klukkan 8:30 að morgni.

Þetta er fimmtán mínútna stund og tilvalið að bregða sér inn í helgidóminn og heyra Guðs orð áður en haldið er út í viðburði dagsins.

Kvöldbæinastund verður í Skútustaðakirkju á sunnudagskvöldum og miðvikudagskvöldum klukkan 21:00.

Morningprayer, which last about 15 minutes, are held in Reykjahlidarchurch in Myvatnssveit, every monday, tuesday, wednesday, thursday and friday from 30. june til 26. july at 8:30 in the morning.

Eveningprayer are in Skutustadirchurch in Myvatnssveit, sunday- and wednesday-evening at 21:00.

Gestir og gangandi.
Verið hjartanlega velkomin.
Welcome.
sr. Örnólfur á Skútustöðum

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

22. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 25. júní 2014

Afmælisbörn dagana 26. júní — 2. júlí 2014

26. Arnfríður Anna Jónsdóttir.
30. Bergþóra Kristjánsdóttir, Valerija Kiskumo.
1. Brynja Hjörleifsdóttir, Elísabet Sigurðardóttir.
2. Sigurður Kristjánsson



Í kvöld 25. júní verður heitavatnslaust frá kl. 22:00 og fram eftir nóttu vegna tengingar á nýrri heitavatnslögn. Vatnslaust verður frá Vogum að Álftagerði að báðum stöðum meðtöldum.

Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þessar framkvæmdir kunnu að valda



Viðhald girðinga meðfram vegum í Skútustaðahreppi.

Þeir aðilar sem hafa samning við Vegagerðina um viðhald girðinga meðfram vegum í sveitarfélaginu, þurfa að hafa lokið því verki og tilkynna til sveitarstjóra fyrir 3. júlí. n.k.

Sveitarstjóri.

Kæru sveitungar,

Mývatnsmaraðon var haldið 7. júní s.l. og gekk vel.
Lýstu margir þátttakendur sérstakri ánægju með móttökurnar.

Styrktaraðilum eru þökuð þeirra góðu framlög.
Jafnframt eru færðar sérstakar þakkir til sveitunga sem lögðu hönd
á plóg við framkvæmdina á hlaupadaginn - og gerðu daginn frábæran!

Björgunarsveitin, Mývetningur og Mývatnsstofa



Aðalsafnaðarfundur.

Aðalsafnaðarfundur Reykjahlíðarsóknar verður haldinn
í Reykjahlíðarkirkju n.k. föstudag 27. júní kl. 17:00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Vonumst til að sjá sem flest ykkar á þessum fundi.

Sóknarnefnd.



Frá Íþróttamiðstöð.

Lokað verður í Íþróttamiðstöð og sundlaug
föstudaginn 27. júní til kl. 16:00 vegna
skyndihjálparnámskeiðs starfsfólks.

Kveðja, starfsfólk



Skútustaðahreppur.

Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti 8. maí 2014 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi
þéttbýlis Reykjahlíðar (Reykjahlíðarþorpsins) skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið nær yfir austurhluta Reykjahlíðarþéttbýlis milli Hringveggar
(Mývatnssveitarveggar) og Múlavegar en á því svæði er meginhluti íbúðarbyggðarinnar ásamt
verslunar- og þjónustubyggingum vestast við þjóðveginn. Ekki er til deiliskipulag yfir
austurhluta svæðisins. Þörf er talin fyrir samfellt og samræmt deiliskipulag alls svæðisins.
Skipulagið nær til afmörkunar lóða og umferðarkerfis ásamt umhverfismótunar og
skipulagningar opinna svæða og stíganets. Í deiliskipulagi eru byggingarreitir skilgreindir og
settir byggingarskilmálar s.s. um nýtingu, hæðir og húsgerðir. Tilgangur deiliskipulagsins er
að tryggja framboð byggingarlóða með áherslu á gæði búsetumhverfis. Tillagan er unnin á
grundvelli Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023.

Deiliskipulag Reykjahlíðar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti 25. júní 2014 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi
Reykjahlíðar (Reykjahlíðarjarðarinnar) skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið afmarkast frá Mývatni af leifum af Vallargarði Reykjahlíðar að vestan, vegi
850 og skipulagsmörkum Hlíðar ehf að norðan, gamla veginum að austan, suður að Hlíðavegi
með austurmörkum á lóð Reykjahlíðar 4, að sunnan niður að Mývatni með lóðarmörkum
Reykjahlíðar 2 og svo meðfram bakka Mývatns að upphafsreit. Markmið skipulagstillögunnar
er að marka framtíðarstefnu um uppbyggingu á svæðinu, setja byggingarskilmála fyrir
nýbyggingar og viðbyggingar, efla fjárfestingu, örva atvinnulíf og tryggja búsetu í
sveitarfélaginu.

Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 25. júní 2014 að auglýsa breytingar á
Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 samhliða ofangreindum deiliskipulagstillögum
skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingarnar eru gerðar til samræmis við
auglýstar deiliskipulagstillögur. Tillagan er unnin á grundvelli Aðalskipulags Skútustaðahrepps
2011-2023.

Tillöguuppdrættir ásamt greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps,
Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 27. júní til og með föstudeginum 8. ágúst
2014. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: [http://www.myv.is/
Stjornsyslan/Skipulagsmal/Deiliskipulag](http://www.myv.is/Stjornsyslan/Skipulagsmal/Deiliskipulag).

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við
tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 8. ágúst 2014. Skila
skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða
í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við
tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykkir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.

5. **Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra 24. júní**

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra sf. sem haldinn verður í húsnaði félagsins, Vallholtsvegi 17, þriðjudaginn 24. júní verður Sigurður G. Böðvarsson.

6. **Fulltrúi á aðalfund Leigufélags Hvamms 24. júní**

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund leigufélags Hvamms ehf. sem haldinn verður í húsnaði félagsins, Vallholtsvegi 17, þriðjudaginn 24. júní verður Sigurður G. Böðvarsson.

7. **Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 25. Júní**

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sem haldinn verður í Öxi á Kópaskeri miðvikudaginn 25. júní verður Yngvi Ragnar Kristjánsson.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Yngvi Ragnar Kristjánsson,
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir,
Sigurður G. Böðvarsson,
Guðrún Brynleifsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.

Mýflugan

**Kæru lesendur
og viðskiptavinir.**

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



SUMARLEIKAR HSB.



Sumarleikar HSB verða á Laugum, Reykjadal helgina 26. – 27. júní.
Mótið hefst kl. 11:00 á laugardag og kl. 10:00 á sunnudag.

Skráning er hjá Huldu Skarphédins.
á netfanginu huldae@mi.is eða í síma 865-3054.
Skráningu líkur á miðnætti fimmtudaginn 26. júní.

Óskum eftir sjálfboðaliðum til að starfa við mótið.
Skráning sjálfboðaliða er einnig hjá Huldu Skarphédins.

Við hvetjum Þingeyinga til að fjölmenna á mótið
og taka þátt í þessari frábæru skemmtun.

Frjálssípróttaráð HSB



Hugsaðu um húðina.

Vorum að fá sendingu af Proderm sólarvörn fyrir börn og fullorðna.
Fullkomin vörn fyrir fólk með viðkvæma húð. Inniheldur ekki
paraben og virkar einnig frábærlega sem rakakrem.
Klístrast ekki og er mjög vatnsþolin.

Kveðja, starfsfólk

**Kærar þakkir
til þeirra sem gáfu sér tíma til að fegra umhverfið
í sameiginlegu hreinsunarátaki.
Margar hendur vinna létt verk.**

Ruslatínslustjóri



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

73. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 5. júní. 2014, kl 09:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð skólanefndar dags. 8. maí.
3. Fulltrúi á Aðalfund Greiðrar leiðar ehf. 10. júní n.k.
4. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um nýtt rekstrarleyfi til handa Ramon Hernando De Larramendi vegna Helluhrauns 5.
5. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar dags. 30. maí.
6. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 2. júní.
7. Erindi frá Reinhard Reynissyni ósk um aðild sveitarfélagsins að samstarfssamningi um þróunarverkefni á skilgreindum sviðum nýsköpunar, tækni- og atvinnuþróunar.
8. Fundargerð aukafundar skipulags- og umhverfisnefndar dags. 4. júní

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar DA dags. 6. maí.

Fundargerð stjórnar Leigufélags Hvamms dags. 6. maí.

Bréf Rauða krossins dags. 13. maí.

Fundargerð Heilbrigðisnefndar Ne. dags. 7. maí.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir máli 8, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð skólanefndar dags. 8. maí.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að boðað hafi verið til þriggja daga verkfalls á næstu vikum. Þá er þess getið að í ár verði farið í skólaferðalag til Vestmannaeyja. Sagt er frá starfsdegi kennara sem fóru í Naustaskóla og kynntu sér „Jákvæðan aga“ en áhugi er á



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

1. fundur

að Hlíðavegi 6, mánudaginn 16. júní. 2014, kl 09:15.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Kosning oddvita og varaoddvita
3. Ráðning sveitarstjóra
4. Breytingar á samþykktum
5. Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimils aldraðra 24. júní
6. Fulltrúi á aðalfund Leigufélags Hvamms 24. júní
7. Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga 25. júní

Til kynningar:

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

1. Fundarsetning

Friðrik K. Jakobsson setti fund og bauð nýja sveitarstjórn velkomna til fundar.

2. Kosning oddvita og varaoddvita

Guðrún Brynleifsdóttir gerði að tillögu sinni að Yngvi Ragnar Kristjánsson yrði oddviti og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir varaoddviti, til næstu fjögurra ára. Samþykkt samhljóða.

3. Ráðning sveitarstjóra

Ráðning sveitarstjóra er í eðlilegu ferli.

4. Breytingar á samþykktum

Oddviti kynnti fyrirhugaðar breytingar á samþykktum sveitarfélagsins, að fundartími sveitarstjórnar yrði framvegis annann og fjórða miðvikudag í mánuði, jafnframt að atvinnumálanefnd yrði skipt upp í atvinnumálanefnd og landbúnaðarnefnd og að skipulags- og umhverfisnefnd yrði skipt upp í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd. Vísað til síðari umræðu.

Umrætt byggingaleyfi var gefið út af byggingafulltrúa í maí sl. eftir að upplýsinga hafði verið aflað hjá Skipulagsstofnun og fulltrúi þar hafði gefið út að slíkt byggingarleyfi væri samkvæmt gildandi lögum og reglum þar sem einungis um tímabundna breytingu væri að ræða en ekki varanlega breytingu í íbúðarhúsnæði. Einnig tilkynnti byggingafulltrúi starfsmanni UST á svæðinu um fyrirhugaða framkvæmd og voru engar athugasemdir gerðar. Byggingafulltrúi mætti á fund og skýrði ítarlega feril þessa máls og þann rökstuðning sem hann hafði fengið frá Skipulagsstofnun og hvers vegna hann hefði gefið út umrætt leyfi. Nefndin lýsir furðu sinni á afgangi Skipulagsstofnunar til byggingafulltrúa þar sem nefndin telur að í þessum efnunum hefði átt að breyta aðalskipulagi á umræddu svæði í Helgavogi þar sem nefndin telur að um breytta notkun sé að ræða. Nefndin leggur áherslu á að farið verði í hvívetna eftir þeim skilyrðum sem byggingafulltrúi setti við veitingu byggingaleyfis og húsnæðið verði ekki tekið í notkun fyrr en fullnaðarúttekt hefur farið fram.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað séð en að ferlið innan stjórnsýslu veitarfélagsins hafi verið með eðlilegum hætti.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið.

9. Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi.

Senn læt ég af störfum sem sveitarstjóri Skútustaðahrepps. Þessu embætti hef ég gengt frá haustmánuðum 2005. Starfið hefur verið krefjandi og gefandi í senn en uppúr stendur samskiptin við ykkur kæru Mývetningar sem ég hef haft mikla ánægju af. Óska ykkur alls hins besta í framtíðinni og samstarfsfólki mínu þakka ég frábært samstarf.

Bestu kveðjur

Guðrún M. Valgeirsdóttir

Í lok fundar þökkuðu Dagbjört og Guðrún sveitarstjórn fyrir ánægjulegt samstarf og óskuðu þeim velfarnaðar í þeim verkefnum sem þau tækju sér fyrir hendur.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.

Því að skólinn innleiði þessa stefnu. Átta nemendur hafa sótt um forskráningu í tónlistarskólann fyrir næsta skólaár. Leggur skólanefnd til að leitað verði eftir samstarfi við Tónlistarskólann í Þingeyjarsveit um tónlistarkennslu næsta vetur.

Í þriðja lið eru tekin fyrir málefni leikskólans. Lokað verður fyrstu tvær vikurnar í júlí.

Í fjórða lið leggur skólanefnd til við sveitarstjórn að kannað verði í samráði við skólastjóra kaup á spjaldtölvum eða rafbókum sem yrðu eign skólans en nemendum til afnota. Sveitarstjórn samþykkir annan lið fundargerðarinnar. Fjórða lið er vísað til nýrrar sveitarstjórnar. Aðrir liðir þarfnast ekki ályktunar við.

3. Fulltrúi á Aðalfund Greiðrar leiðar ehf. 10. júní n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Greiðrar leiðar ehf. sem haldinn verður þriðjudaginn 10. júní n.k. að Hafnarstræti 91, verður Friðrik K. Jakobsson.

4. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um nýtt rekstrarleyfi til handa Ramon Hernando De Larramendi vegna Helluhrauns 5.

Með bréfi er óskað umsagnar sveitarstjórnar um nýtt rekstrarleyfi til handa Ramon Hernando De Larramendi til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga að Helluhrauni 5.

Rekstrarleyfi/Gististaður: flokkur II.

Sveitarstjórn leggst gegn því að leyfið verði veitt þar sem umbeðin breyting samræmist ekki deiliskipulagi þéttbýlisins, sem er í auglýsingu.

5. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar dags. 30. maí.

Föstudaginn 30. maí fóru fulltrúar Landgræðslu ríkisins, sveitarstjórnar og BSSÞ í gróðurskoðunarferð í Mellönd og mólendi á Austurfjöllum. Gróður er með besta móti miðað við undanfarin ár og sandtaða komin vel af stað í Mellöndum og viðurinn í mólendinu mun að óbreyttu springa út á næstu dögum.

Í ljósi þess og að veðurútlit er ágætt leggja nefndarmenn til að fimmtudaginn 5. júní megi fara með 25% af fenu í Mellöndin og önnur 25% þann 10. júní á sömu slóðir. Eftir 17. júní megi fara með restina af fenu. Nefndin mælir gegn því að fé sé sleppt úr heimalandagirðingum fyrr en eftir 15. júní þar sem mólendið er seinna en Mellöndin að gróa. Mánudaginn 2. júní breytti nefndin fyrri ákvörðun sinni hvað fyrstu sleppingar varðar og flýtti henni um tvo daga og sleppingar úr heimalandagirðingum yrðu skoðaðar 10. júní. Ástæðan er mikil fluga sem og nýkviknaður vargur sem er fenu til mikils ama auk þess sem gróður hafði tekið betur við sér en áætlað var.

Sveitarstjórn samþykkti fundargerðina í tölvupósti og staðfestist það hér með.

6. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 2. júní.

1. Hverir austan Námafjalls. Aðal- og deiliskipulag.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Hvera austan Námafjalls frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf. f.h. landeigenda.

Samhliða tillögu að deiliskipulagi var lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, er varðar skilgreiningu á nýju verslunar- og þjónustusvæði við Hveri.

Deiliskipulagstillagan og tillaga að breytingu á aðalskipulagi voru kynntar á almennum kynningarfundi í Reykjahlíðarskóla 10. desember 2014 eins og 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 41.

gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveða á um.

Ekki komu fram neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunum.

Sveitarstjórn samþykkti þann 14. nóvember 2013 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og þann 13. febrúar 2014 var samþykkti að auglýsa samhliða breytingu á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 30. gr. sömu laga. Tillögurnar voru auglýstar frá og með 11. apríl með athugasemdafresti til og með 23. maí s.l. Umsagnir án athugasemda bárust frá Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Birki Fanndal, Sigfúsi Illugasyni og Jóni Illugasyni.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagstillögunum þegar orðið hefur verið við þeim breytingum sem nefndin hefur farið fram á. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast gildistöku deiliskipulagsins og aðalskipulagsbreytingarinnar eins og 2. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveða á um.

2. Sel-Hótel Mývatni, deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 30. október 2010 frá Rúnari D. Bjarnasyni hjá Mannviti hf. f. h. Sel-Hótel Mývatn þar sem sótt er um heimild til gerðar deiliskipulags skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhugað deiliskipulag nær yfir landsvæði sem er í eigu Skútustaða 2. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir færslu þjóðveggar, gönguleiðum, undirgöngum, stækkun á byggingareit, auk skilgreindra bílastæða. Á deiliskipulagsreit eru innfærð mörk aðliggjandi deiliskipulags fyrir Skútustaðagíga. Með umsókn fylgir tillöguuppráttur með greinargerð.

Deiliskipulagstillagan og tillaga að breytingu á aðalskipulagi voru kynntar á almennum kynningarfundum í Reykjahlíðarskóla 10. desember 2014 eins og 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveða á um. Ekki komu fram neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunum. Tillagan var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 28. mars með athugasemdafresti til og með 9. maí 2014. Umsagnir án athugasemda bárust frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Minjastofnun Íslands. Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum, Umhverfisstofnun og Birni Yngvasyni á Skútustöðum 2. Bréf dags. 6. maí 2014 barst frá Birni þar sem hann gerði ekki athugasemdir við þær breytingar sem lóðarhafi kynnti fyrir honum að gera ætti á deiliskipulagstillögunni til að koma til móts við athugasemdir landeigenda á Skútustöðum 2.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki deiliskipulagstillögunum þegar orðið hefur verið við þeim breytingum sem nefndin hefur óskað eftir. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast gildistöku deiliskipulagsins og aðalskipulagsbreytingarinnar eins og 2. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveða á um.

3. Litlaströnd. Stækkun á skógræktarsvæði.

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 11. apríl 2014 frá Rakel Jónsdóttur, Norðurlandsskógum, þar sem óskað er eftir umsögn skipulags- og umhverfisnefndar um fyrirhugaða stækkun á

9. Dettifoss. Stofnun lóðar.

Erindi dags 30. maí 2014 frá Þórði H. Ólafssyni f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem sótt er um að stofnuð verði lóð fyrir þjónustumiðstöð við Dettifoss að vestanverðu. M.f. eru útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá og hnitsettur lóðaruppráttur dags. 6. maí 2014 frá Landmótun ehf.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar þar sem hún er skilgreind á gildandi deiliskipulagi. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt þegar öllum formsatriðum vegna stofnunar lóðarinnar hefur verið fullnægt og í framhaldi af því verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna hana í fasteignagrunni Þjóðskrár.

10. Dimmuborgir, Salernishús. Umsókn um stöðuleyfi.

Erindi dags 27. maí 2014 frá Sigmarí Stefánssyni f.h. Trésmiðjunnar Rein ehf, þar sem hann sækir um stöðuleyfi fyrir salernishús í Dimmuborgum skv. meðfylgjandi tillöguteikningum, samþykki Geiteyjarstrandar 1 sem nágranna og Landgræðslunnar sem landeiganda. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi til eins árs eða til 1. júní 2015. Vakinn er athygli á því að stöðuleyfið verður ekki framlengt og framkvæmdin er alfarið á ábyrgð umsækjanda og veitir engan frekari rétt en þann sem stöðuleyfið nær til. Gerð er krafa um að ráðist verði í gerð deiliskipulags nú þegar og í því deiliskipulagi verði gert ráð fyrir umræddu húsi. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út stöðuleyfið þegar staðið hefur verið skil á hönnunargögnum sambærilegum þeim sem farið er fram á við útgáfu byggingarleyfis, skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.

Sveitarstjóri vék af fundi undir liðum 1 og 5.

7. Erindi frá Reinhard Reynissyni ósk um aðild sveitarfélagsins að samstarfssamningi um þróunarverkefni á skilgreindum sviðum nýsköpunar, tækni- og atvinnuþróunar.

Í viðhengi með tölvupósti eru drög að samstarfssamningi milli Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Norðurþings, sem verið hefur til skoðunar um tíma varðandi frekari nýtingu lághita á svæðinu. Fram kemur að fundað hafi verið með Landsvirkjun sem sýnt hefur áhuga á að verða aðili að nefndum samningi. Einnig er áhugi á að öll þau þrjú sveitarfélög sem hafa yfir jarðhitauðlindum að ráða verði beinir aðilar. Því er leitað eftir aðild Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að samningnum og sjónarmiðum varðandi inntak hans og efni. Áætlað er að hefja formlegt samstarf síðla sumars eða í haust og því mikilvægt að sem fyrst liggi fyrir hverjir verði með. Sveitarstjórn telur verkefnið mjög áhugavert en telur eðlilegt að þessi ákvörðun bíði nýrrar sveitarstjórnar.

8. Fundargerð aukafundar skipulags- og umhverfisnefndar dags. 4. júní

1. Byggingaleyfi vegna húsnæðis LR ehf. í Helgavogi.

Formaður setti fund og tók fyrir eina mál á dagskrá fundarins, byggingaleyfi vegna breytinga á húsnæði Landeigendafélags Reykjahlíðar ehf. (LR ehf.) í Helgavogi.

Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi var auglýst og kynnt íbúum sveitarfélagsins og umsagnaraðilum eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um frá og með 18. desember til og með 8. janúar 2014.

Athugasemdir og umsagnir bárust frá nokkrum aðilum og leiddu þær til breytinga á aðal- og deiliskipulagstillögunni.

Innkomin endurskoðuð gögn 29. maí frá AVH, nýr uppdráttur ásamt greinargerð og fornleifaskráningu svæðisins, sem Minjastofnun Íslands fór fram á að yrði unnin.

Pétur Snæbjörnsson vék af fundi og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir því að byggingarskilmálar verði gerðir ítarlegri en gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna að öðru leyti á þessu stigi. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að auglýsa deiliskipulagstillöguna þegar orðið hefur verið við athugasemdum nefndarinnar og samhlíða verði auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi. Skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast málsmeðferð vegna auglýsinganna eins og 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.

6. Hlíð, ferðapjónusta. Deiliskipulag.

Erindi dags 28. maí 2014 frá Önnu Margréti Hauksdóttur, arkitekt, f.h. Gísla Sverrissonar þar sem lögð er fram deiliskipulagslýsing dags í maí 2014 vegna fyrirhugaðs deiliskipulags ferðapjónustusvæðis í Hlíð. Lýsingin er lögð fram skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki lýsinguna og feli skipulags og byggingarfulltrúa að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

7. Bræðrafell. Stofnun lóðar.

Erindi dags 21. maí 2014 frá forsætisráðuneytinu þar sem sótt er um að stofnuð verði lóð fyrir skála Ferðafélags Akureyrar við Bræðrafell í Skútustaðahreppi. Fylgigögn með umsókn eru útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá og hnitsettur lóðaruppdráttur dags. í apríl 2014 frá Loftmyndum ehf.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

8. Vogar. Stofnun lóðar.

Erindi dags. 27. maí 2014 frá Jóhanni F. Kristjánssyni f.h. landeigenda Voga þar sem sótt er um heimild til stofnunar lóðar fyrir þjónustuhús Umhverfisstofnunar í landi Voga. M.f. eru hnitsettur lóðaruppdráttur skv. staðfestu deiliskipulagi Hverfjalls, útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá og samþykki landeigenda.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar þar sem hún er skilgreind á gildandi deiliskipulagi. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt þegar öllum formsatriðum vegna stofnunar lóðarinnar hefur verið fullnægt og í framhaldi af því verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna hana í fasteignagrunni Þjóðskrár.

skógræktarsamningssvæði Litlustrandar í Skútustaðahreppi, sem er í eigu Birgis Steingrímssonar. Málið var áður á dagskrá nefndarinnar 7. maí s.l. M.f. er kort sem sýnir núverandi skógræktarsvæði, 58 ha, og fyrirhuguð stækkun um 90 ha.

Innkomin ný gögn dags 22. maí 2014 frá Birgi Steingrímssyni þar sem hann sækir um framkvæmdaleyfi vegna breytinga á núverandi skógræktarsamningi á Litluströnd sem er í hans eigu. Fyrirhuguð stækkun er um 85 ha en ekki 90 ha eins og áður hafði verið gert ráð fyrir þar sem í ljós kom að um 5 ha lentu innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og ákvað landeigandi af þeim sökum að minnka fyrirhugað skógræktarsvæði niður í 85 ha.

Engar friðlýstar né skráðar fornminjar eru á fyrirhuguðu skógræktarsvæði skv. fornleifaskráningu Elínar Óskar Hreiðarsdóttur, fornleifafræðings.

Birgir Steingrímsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið skv. 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

4. Garður II. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 23. desember 2013 frá Kára Þorgrímssyni Garði II í Mývatnssveit þar sem hann óskar eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag á jörð sinni Garði II á svæði sem skilgreint er sem 373 A í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023

Skipulags- og umhverfisnefnd heimilaði umsækjanda að láta vinna deiliskipulag af umræddu svæði á fundi sínum 27. janúar s.l.

Innkomin ný gögn, skipulagslýsing dags. 26. febrúar 2014 frá Búgarði. Skipulagslýsingin var lögð fram skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Athugasemdir um lýsinguna bárust frá Skipulagsstofnun og var þeim komið á framfæri við skipulagsráðgjafana.

Innkomin ný gögn, deiliskipulagsuppdráttur með greinargerð dags. 23. maí 2014.

Skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir því að byggingarskilmálar verði gerðir ítarlegri en gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna að öðru leyti á þessu stigi en felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna hana, þegar orðið hefur verið við athugasemdum nefndarinnar, fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

5. Deiliskipulag Reykjahlíðar.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Reykjahlíðar. Tillagan var kynnt á almennum fundi í Reykjahlíðarskóla 31. október, eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Nokkrar athugasemdir bárust á fundinum og var brugðist við þeim að nokkru leyti á endurskoðuðum uppdrætti og greinargerð dags 7. nóvember 2013 frá AVH. Uppdrátturinn vék þó í nokkrum atriðum frá stefnu Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023.